

Fundargerð

47. fundur erfðanefndar landbúnaðarins
Haldin á Keldnaholti 28. febrúar 2024 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Árni Bragason (ÁB), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH), Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), Leó Alexander Guðmundsson (LAG) og Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) Pawel Wasowicz (PW) var á Teams.
Formaður setti fundinn. BKB ritaði fundargerð.

1. Samþykkt dagskrár
Dagskrá samþykkt án athugasemda
2. Samþykkt fundargerðar frá 46. fundi nefndarinnar
Fundargerð samþykkt án athugasemda
3. Staðamála frá síðasta fundi (BKB)
 - Haldið var upp á 40 ára afmæli húsdýraráðs Nordgen í Uppsala Svíþjóð. Í tilefni af afmælinu var haldin ráðstefna í Uppsala 7. og 8. febrúar 2024. Ráðstefnan var vel sótt og var einnig í streymi. Frá Íslandi voru Árni, Birna, Þorvaldur, Egill Gautason og Heiðrún Sigurðardóttir
 - Egill Gautason hélt erindi á ráðstefnunni um íslenskar kýr, uppruna, skyldleika við önnur kyn og framtíðarhorfur. Heiðrún var með veggspjald og kynnti niðurstöður rannsókna á erfðabreytileika og þróun skyldleikaræktar hjá íslenska hestinum.
 - BS verkefni við LbhÍ um skyldleikarækt í geitfjórstofninum. Markmið að meta núverandi skyldleikarækt í stofninum og bera saman við fyrri rannsóknir út frá ætternisgögnum úr Heiðrúnu, skýrsluhaldsforrit geitfjóræktarinnar.
 - Umsókn í Matvælasjóð um erfðafjölbreytni skyldleika við önnur kyn og stöðu skyldleikaræktar í íslenska hæsnastofnsins. Umsækjendur BKB og Egill Gautason í samstarfi við Eigenda – og ræktendafélag landnámsheilsu (ERL), Keldur og sýni verða fengin úr íslenskum hænum sem ræktuð eru í Hvam, norskum genbanka fyrir hænsn.
 - Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) er að sækja um í Matvælasjóð til að betrubæta Heiðrúnu gagnagrunnur geitfjóræktarinnar. Erfðalindasetur og Geitfjóræktarfélag Íslands eru samstarfsaðilar.
 - Lokaskýrsla frá Karólínu Elísabetardóttur o.fl. barst nefndinni um áhrif arfgerða á riðunæmi sauðfjár með það að markmiði að leita að nýjum verndandi arfgerðum. Lokaskýrsla var samþykkt.
 - Matvælaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum um hvað væri framundan hjá nefndinni og um þau verkefni sem gætu tengst aðgerðaráætlun í Landbúnaðarstefnu til 2040. Eftirfarandi punktar voru sendir sem fram koma í landsáætlun nefndarinnar.
 - Að vekja athygli stjórnvalda á nauðsyn þess að vinna að stofnun genbanka fyrir erfðaeftirbúnað og tryggja þannig langtíma varðveislu erfðaeftirbúnaðarinnar.
 - Stuðla að erfðarannsóknum á íslenskum búfjárlýkjum sem leiði í ljós þróun og stöðu þeirra með tilliti til erfðabreytileika og nýta niðurstöður í átt að sjálfbærri ræktun.
 - Að standa vörð um erfðaaðilindir í landbúnaði er nauðsynlegt að verndun þeirra tegunda búfjár sem standa höllustum fæti sé tryggð.

4. Rekstur 2023 og áætlun 2024

Erfðanefnd landbúnaðarins	
Rekstraryfirlit 1.1. - 31.12. 2023	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 31.12.2022	6.225.446
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR fyrri hluti	6.885.163
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR seinni hluti (áætlað)	1.800.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna fundar	78.668
Samtals	14.989.277
Gjöld:	
Lbhí v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir fyrri hluta greiðslur	4.650.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	81.232
ERFP árgjald (800 evrur)	122.519
ERFP fundur/Birna	83.656
Eftirstöðvar styrks (2019) Erfðabreytileiki og erfðatengsl urriða á Íslandi	200.000
Eftirstöðvar styrks (2020)/Amar Pálsson/Kyn og stórfiskagen í ísl. laxveiðiám	225.000
Eftirstöðvar styrks (2020)/Forystufjársetur/Skráning forystufjár	225.000
Eftirstöðvar styrks (2021)/Birna K. o.fl./Arfgerðagreining geita m,t,t, riðu	225.000
Eftirstöðvar styrks (2021)/Ólöf Ósk o.fl./Arfgerðagreining á muskótturum lit/hross	93.750
Eftirstöðvar styrks (2021) Anna Guðrún Þórðardóttir MS verkefni	225.000
Samtals	10.103.157
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	165.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	250.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2023	1.550.000
Samtals	2.190.000
Eigið fé:	
áætlaður rekstraafgangur 31.12.2023	4.886.120
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2023	4.886.120
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	2.696.120

Erfðanefnd landbúnaðarins	
Drög að áætlun fyrir 2024	
Tekjur:	
Óráðstafað eigið fé 1.1.2024	4.886.120
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR fyrri hluti	7.503.442
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við MAR seinni hluti (áætlað)	1.800.000
Endurgreiðsla frá ERFPP vegna funda (áætlað)	250.000
Samtals	14.439.562
Gjöld:	
LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyndra og feldfjár	130.000
Styrkir	4.000.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	80.000
Málþing	800.000
Nordgen ráðstefna Uppsala (ÁB)	135.628
ERFP árgjald (800 evrur)	120.000
ERFP fundur/Birna	350.000
Samtals	9.457.628
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja:	
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	225.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2020	165.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2022	250.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2023	1.550.000
Samtals	2.190.000
Eigið fé:	
Áætlaður rekstrarafgangur 31.12.2024	4.981.934
Eigið fé að frádregnum skuldbindingum	2.791.934

5. Landsáætlun 2024-2028

Vinna við landsáætlun gengur vel og stefnt að því að hún verði tilbúin í maí.

6. Styrkir

Ákveðið var að auglýsa í Bændablaðinu verkefnastyrki í mars- apríl.

7. Önnur mál

PW sagði frá að tilraunir væru hafnar um ræktun íslenskra plantna til framleiðslu m.a. brunirót (*Rhodiola rosea*) í Skagafirði. Efnasamsetning og erfðafræði villtra íslenskra stofna hefur ekki verið mikið rannsakað.

ÁB taldi að panta þyrfti fund í ráðuneytinu til að fara yfir fjármál nefndarinnar, kynna landsáætlun og einnig hvort fjármagn fylgi aðgerðaráætlun í Landbúnaðarstefnu 2040.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldin 8. maí kl. 13-15 á Keldnaholti

Fundi slitið kl. 15